

Fundur 26. júní 2007

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
Þriðjudaginn 26.júní 2007 kl.: 20:30

Mættir: Karl Kristjánsson, Gústaf Jökull Ólafsson, Ingvar Samúelsson, Björg Karlsdóttir, Áslaug Guttormsdóttir, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson sem ritar fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er hún ein blaðsíða.

Gústaf setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Umsókn um skólavist fyrir nemanda frá Hveragerði. Skv. upplýsingum skólastjóra hefur kennarafundur hafnað umsókninni. Mennta- og menningarnefnd samþykkir að hafna umsókninni.
2. Umsókn um stöðu skólastjóra til viðbótar þeirri sem fyrir er. Samþykkt að ganga til samninga við Guðmund Helga Helgason.
3. Umsókn um aukið kennslumagn vegna sérkennslu og/eða kennslu við Reykhólaskóla. Skólastjóri sækir um 28 klst. þ.e. eitt stöðugildi til viðbótar því sem búið var að úthluta. Samþykkt að verða við beiðninni og auglýsa eftir kennara.
4. Önnur mál
 - a) Leikskólamál- starfsmannamál.
Björg tilkynnti um þörf fyrir einn starfsmann til viðbótar á leiksólann.
Ákveðið að auglýsa eftir leikskólakennara.
 - b) Leikskólamál – framkvæmdaáætlun. Drög að framkvæmdaáætlun kynnt.

Karl vill þakka Áslaugu fyrir að taka að sér skólastjórn síðastliðinn vetur þegar fyrrverandi skólastjóri lét af störfum. Fundarmenn tóku heilshugar undir með Karli.

Fyrir hönd foreldrafélagsins vill Björn taka undir þakklæti til Áslaugar.

Fleira ekki bókað, fundi slitið 22:45.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)
Karl Kristjánsson (sign)
Ingvar Samúelsson (sign)
Björn Samúelsson (sign)

Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)
Björg Karlsdóttir (sign)
Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)